

# Innra mat

Helstu niðurstöður vorið 2021



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Mat á skólastarfi

Mats- þættir	Umbótaaðgerðir og matsleiðir	Helstu niðurstöður vorið 2021	Áætlaðar umbætur skólaárið 2021 - 2022
Fagleg forysta	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rýnihópar starfsmanna</li> <li>Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf</li> <li>Starfsþróunarviðtöl og könnun um líðan og samskipti fyrir viðtalið.</li> <li>Foreldrakönnun Skólapúlsins</li> </ul>	<p>Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir starfsmenn fyrir starfsþróunarviðtöl eru 97,1% starfsmanna Álfhólsskóla frekar eða mjög ánægðir með samskipti og samvinnu við stjórnendur. 1,47% segir samskiptin hvorki né.</p> <p>Slíkt hið sama kom fram í viðtölum. Í athugasemdum kemur fram að starfsfólk upplifir gott viðmót og traust frá stjórnendum en einhverjir upplifa að þau séu minni en áður og þeir sjái stjórnendur lítið.</p> <p>Mat stjórnenda á kennslu og endurgjöf féll niður vegna COVID19.</p> <p>Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal og var almenn ánægja með þau.</p> <p>Starfsmannakönnun Skólapúls er áætluð vorið 2022.</p> <p>Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúls er 92% foreldra ánægðir með stjórnun skólans, svipað og á landsvísu. Athyglisvert er að allir foreldrar af erlendu bergi brotnu eru ánægðir með stjórnun skólans en 91% foreldra með íslensku sem fyrsta tungumál (ómarktækur munur).</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoða þarf fyrirkomulagið á mati stjórnenda á kennslu, í það minnsta dreifa því yfir lengra tímabil. Áriðandi að tími gefist til þess að gefa endurgjöf svo matið verði gagnlegt.</li> <li>Árleg starfsþróunarviðtöl</li> <li>Starfsmannakönnun í mars 2022</li> <li>Vinnustaðgreining nóvember 2021</li> <li>Starfsmannahandbók uppfærð árlega.</li> <li>Stjórnendur á Lean námskeiði.</li> </ul>
Stefnum ótun og skípulag	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirferð áætlana og verkferla</li> <li>Þróun skólanámskrár</li> <li>Gerð starfsáætlunar</li> <li>Stefnumótunardagur</li> </ul>	<p>Unnið var eftir skólamenningaráætlun, Öll sem eitt, sem hluta af forvarnar- og viðbragðsáætlun skólans.</p> <p>Skólanámskrá er í stöðugri uppfærslu á Mentor.</p> <p>Námsskráanna má nálgast í heild sinni á heimasíðu skólans.</p> <p>Námskráin er í áframhaldandi þróun.</p> <p>Starfsáætlun var samþykkt af skólaráði haustið 2021 og birt á heimasíðu.</p> <p>Sjálfsmatsáætlun var sett fram til ársins 2022, samþykkt af matsteymi og birt á heimasíðu skólans að hausti 2019.</p> <p>Stefnumótunardegi foreldra var aflýst í ljósi tilmæla almannavarna og landlæknis vegna COVID19.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá í stöðugri þróun</li> <li>Gerð starfsáætlun að hausti.</li> <li>Sjálfsmatsáætlun birt foreldrum og starfsfólki.</li> <li>Farið yfir verkferla og áætlanir að hausti.</li> <li>Stefnumótunardagur og opin skólaráðsfundur vorið 2022.</li> </ul>

## Samskipti í heimilis og skóla

- Stefnumótunardagur
- Foreldrakönnun Skólalúlsins
- Opið hús fyrir foreldra
- Skólaráð
- Vikupóstur
- Samráðsdagar
- Fræðslufundur fyrir foreldra um lestur.
- Kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk

Skólaráð fundaði reglulega á árinu, í fjar og á staðnum. Samstarfið gekk mjög vel og stóðu nemendur sig með prýði. Almenn ánægja með samráðsdaga á skólaárinu. Annar dagurinn var rafrænn vegna COVID19 og gekk það framar vonum. Í einhverjum tilfellum voru nemendastýrð viðtöl sem gekk mjög vel.

Stefnumótunardegi foreldra var aflýst í ljósi tilmæla almanna- og landlæknis vegna COVID19.

Kennarar sendu foreldrum vikupósta með upplýsingum um skólastarfið og bekkjarbrag í vetur. Almenn ánægja með póstana meðal kennara og foreldra.

Ýmsir viðburðir, kynningar og námskeið féllu því miður niður vegna COVID19, þ.á.m. opið hús fyrir foreldra og fræðslufundur um lestur. Kynningarfundir foreldra voru rafrænar að þessu sinni.

Samskipti heimilis og skóla hafa breyst í tengslum við breytta skólahætti í mars 2019. Kennarar nýttu sér rafræna fjarfundir, tölvupóst og aðrar samskiptaleiðir til þess að koma upplýsingum og eiga samskipti við foreldra og nemendur. Starfamesa foreldrafélagsins féll niður vegna COVID19. Facebooksíða skólans, twitter og heimasíða hafa verið í stöðugri uppfærslu í vetur.

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólalúls er frumkvæði kennara í Álfhólsskóla að foreldrasamstarfi svipað og á landsvísu. Aftur á móti upplifa foreldrar drengja í skólanum marktækt sjaldnar frumkvæði kennara að samskiptum en foreldrar stúlkna. Frumkvæði kennara að samskiptum mælist meira á yngri stigum en eldri, í Álfhólsskóla og á landsvísu.

54,4% foreldra upplifa að þeir hafi áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur, svipað og á landsvísu. Foreldrar stúlkna upplifa frekar að þeir hafi áhrif en foreldrar drengja, 63% á móti 47%. 62,5% segja að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina, svipað og á landsvísu. Foreldrar

- Stefnumótunardagur og opin skólaráðsfundur áætlaður að vori 2022
- Skólaráð.
- Starfamesa.
- Árleg læsi og lestrarkennslunámskeið fyrir foreldra í 1. og 3.bekk.
- Opið hús fyrir foreldra
- Kynningar fyrir foreldra í 1., 5., og 8.bekk
- Vikupóstur á Mentor.
- Vinnustaðgreining í nóvember 2021
- Starfsmannakönnun í mars 2022
- Samráðsdagar.
- Facebooksíða, Twitter og heimasíða skólans í stöðugri uppfærslu.
- Viðhorfskannanir til foreldra eftir kynningar og námskeið á vegum skólans.
- Ýmsir fræðslufundir fyrir foreldra, rafrænt og á staðnum.

stúlkna upplifa þetta frekar en foreldrar drengja (70% á móti 56%). Þau atriði sem foreldrar telja sig hafa mest áhrif á eru foreldrasamskipti, námshraði og áherslur í námsgreinum. Þeir vilja aftur á móti hafa meiri áhrif á kennslufyrirkomulag, val á námsefni, námshraða og áherslur í námsgreinum.

93% foreldra voru ánægðir með síðasta foreldraviðtal, svipað og á landsvísu. Mest var rætt um framgang náms og líðan nemenda í síðasta viðtali.

69% foreldra telja sig taka virkan þátt í gerð námsáætlunar með nemendum, ómarktækur munur við landsmeðaltal (59,7%). 91,5% foreldra þykir þessi þátttaka mikilvæg, svipað á landsvísu.

86,2% foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans, ómarktækur munur við landsmeðaltal (82%). Ánægja með heimasíðu hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Fram komu nokkrar ábendingar varðandi heimasíðu sem þegar hafa verið teknar til greina.

65% foreldra telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá, svipað og á landsvísu.

92,9% foreldra voru ánægðir með COVID viðbrögð skólans, svipað og á landsvísu.

## Nám og kennsla

- Starfsmannakönnun Skólapúlsins
- Nemendakönnun Skólapúlsins
- Skólalæing
- Stefnumótunardagar
- Lesferill, lesskimun
- LOGOS greining
- Samræmd próf
- Samráðsdagar
- Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf
- Kennsluþróun

Í könnun í undanfara starfsmannaviðtala kemur fram að kennarar eru sjálföryggir í starfi sínu, upplifa að þeir nái árangri og búi yfir mörgum styrkleikum sem nýtast þeim í kennslu. Einhverjir nefna að það vanti betri handleiðslu í sérkennslu og faggreinakennarar myndu gjarnan vilja fá betri upplýsingar um stöðu og þarfir nemenda. Þá kemur fram að margir eru ánægðir með traust og frelsi til þess að skipuleggja sína kennslu og verkefni. Margir hafa einnig áhuga á að þróa sig enn frekar áfram í innleiðingu á hæfnimiðuðu námi. Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins hafa nemendur í Álfhólsskóla álíka mikla ánægju af lestri og nemendur á landsvísu. Þrautseigja í námi og trú á eigin vinnubrögð og námsgetu er marktækt minni en á landsvísu. Ánægja af náttúrufræði er marktækt meiri en á landsvísu, eins og áður, sér í lagi á unglíngastigi. Ánægja af stærðfræði mælist um landsmeðaltal. Samband nemenda og kennara og virk þátttaka í tímum mælist um landsmeðaltal. Samsömun við nemendahópinn er marktækt minni en á landsvísu og á það fyrst og fremst við um stráka í 9.bekk. Agi í tímum mælist marktækt meiri en á landsvísu, líkt og síðustu ár. Tíðni leiðsagnarmats á unglíngastigi er marktækt minni en á landsvísu, svipað og á landsvísu á miðstigi.

Í opnum svörum kemur fram að margir eru ánægðir með starfsfólk og kennsluna almennt. Í opnum svörum kemur einnig fram að nemendur hafa mjög ólíka upplifun af ólíkum fögum og starfsmönnum, það sem sumum finnst skemmtilegt þykir öðrum leiðinlegt.

Þemadagar féllu niður að þessu sinni vegna COVID19 en unnið var með þverfagleg verkefni innan bekkjarhópa.

Grunnskólar í Kópavogi ætluðu að halda í sameiningu menntabúðir mánaðarlega með áherslu á upplýsingatækni. Menntabúðirnar féllu niður vegna COVID19.

Nemendur í 10.bekk tóku þátt í skólalæingi á haustmánuðum og stóðu sig með þryði.

- Lestrarátök
- Kvittanahefti endurskoðað
- Samráðsdagar
- Samræmd próf
- Bland í poka á unglíngastigi
- Þemadagar
- Menntabúðir
- Lærdómsfundir kennara
- Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf.
- Lausnateymi heldur áfram störfum.
- Nemendakönnun Skólapúlsins.
- Vinnustaðgreining í nóvember 2021
- Starfsmannakönnun skólapúls mars 2022
- Áframhaldandi starfsþróun kennara og ýmis þróunarverkefni.

<p>Nemendur; líðan, þátttaka og ábyrgð</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Skólameningarkönnun</li> <li>● Nemendakönnun Skólapúls</li> <li>● Samráðsviðtöl</li> <li>● Stefnumótunardagar</li> <li>● Skólameningarfundir</li> <li>● Nemendfulltrúaráð</li> <li>● Skólaráð</li> </ul>	<p>Fjöldi þróunarverkefna eru í gangi í Álfhólsskóla. Verkefni eru: Lesum saman, Bland í poka á unglingsstigi, teymiskennsla, spjaldtölvur í námi og kennslu. Allir kennarar fá tvo tíma á viku í kennsluþróun innan vinnuramma til að sinna sinni kennsluþróun.</p> <p>Lesferill, lestrarskimun var lögð fyrir alla nemendur skólans í september, janúar og maí. Orðarún, lesskilningspróf, var lagt fyrir í 3.-8.bekk samhliða lesferlinum. Í kjölfarið voru gerðar LOGOS greiningar eftir þörfum og sett inn einstaklingsmiðuð lestrarátök heima og í skólanum þar sem það átti við. Nemendur tóku almennt miklum framförum í lestri á skólaárinu.</p> <p>Niðurstöður nemenda í samræmdum prófum voru um landsmeðaltal í öllum greinum í 4. og 9.bekk.</p> <p>Starfsmannakönnun er áætluð í mars 2022.</p> <p>Lausnateymi var starfandi í báðum húsum. Teymin sinntu fyrst og fremst óformlegri ráðgjöf til kennara og starfsmanna.</p> <p>Skólameningarfundir eru þjóðfundir sem voru haldnar með öllum árgöngum skólans að hausti 2020. Á fundunum rýndu nemendur í skólameninguna í Álfhólsskóla og komu með tillögur um hvernig mætti efla hana enn frekar. Fundirnir gengu mjög vel og var almenn ánægja með þá.</p> <p>Helstu niðurstöður skólameningarkönnunar benda til þess að nemendum í 6.-10.bekk líði almennt vel í skólanum, þeim finnst skólabragurinn almennt góður og nánast allir eiga a.m.k. einn vin í skólanum. Nemendafulltrúar hafa jákvæð áhrif á skólabraginn. Nánast öll eineltismál sem vitað er um hafa verið leyst eða eru í vinnslu og nemendur nota opnar spurningar til þess að segja frá áhyggjum sínum af líðan og samskiptum.</p> <p>Niðurstöður voru ræddar á bekkjarfundum með nemendum. Í nemendakönnun Skólapúlsins kemur fram að tíðni eineltis er marktækt minni en á landsvísu, 7,8% á móti 13,6%, og haldast niðurstöður almennt í hendur við niðurstöður</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Nemendaráð</li> <li>● Skólaráð</li> <li>● Árlegur stefnumótunardagur</li> <li>● Bekkjarfundir vikulega í öllum árgöngum.</li> <li>● Göngum í skólann.</li> <li>● Þemadagar.</li> <li>● Skólahreysti.</li> <li>● Skólameningarfundir.</li> <li>● Skólameningarkönnun.</li> <li>● Skólapúls nemendakönnun.</li> <li>● Tengslakannanir, a.mk. tvisvar á ári.</li> <li>● Samráðsfundir tvisvar á ári. Þemadagar með áherslu á vináttu og jákvæða skólameningu.</li> </ul>
--	---	---	--

<p>Mannauður; líðan og starfsandi</p>		<p>skólamenningarkönnunar. Ef rýnt er í niðurstöður árganga má sjá að umfang eineltis fer minnkandi og mælist það nú á landsmeðaltali (var martækt yfir árið áður). Vellíðan nemenda mælist svipuð og á landsvísu og líður strákum almennt betur í skólanum en stelpum, hér og á landsvísu. Þá er líðan í 6.bekk marktækt betri en í öðrum árgöngum. Skólamenningin, líðan og samskipti í 8.bekk mældist almennt lakari en í öðrum árgöngum og hófst í kjölfarið markviss vinna með menninguna þar auk þess sem lítil hópur nemenda í 8.bekk fengu tækifæri til að sækja námskeið til Jóa og Jóhönnu með það að markmiði að efla sjálfsmýnd og samskipti. Þörf á áframhaldandi vinnu með þessa nemendahópa næsta vetur.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Einstaklingsviðtöl við nemendur á mið- og unglíngastigi.</li> <li>• Sértek vinna með minni hópa í ákveðnum árgöngum</li> </ul>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsmannakönnun Skólapúls</li> <li>• Rýnihópar starfsmanna</li> <li>• Ýmsar kannanir á vegum matsteymis</li> <li>• Starfsþróunarviðtöl</li> </ul>	<p>Í könnun sem gerð var meðal starfsfólks í undanfara starfsþróunarviðtala kemur fram að starfsmönnum líður nánast öllum frekar eða mjög vel í starfi sínu. Tæp 92% upplifa frekar eða mjög góðan starfsanda og 98,6% telja samvinnu og samskipti við aðra starfsmenn almennt frekar eða mjög góð. Margir tala um liðsheild, vináttu og gleði á vinnustaðnum í opnum spurningum. Einhverjir nefna að veikindi og fjarvistir annarra starfsmanna geti valdið miklu álagi á aðra starfsmenn. Sumir ræða þörf á bættum loftgæðum Viðburðir STÁL á skólaárinu féllu því miður flestir niður vegna COVID19 en þó náðist að fara í vorferð starfsmanna sem var vel sótt og mikil ánægja með. Kaffistofunefndir voru virkar á skólaárinu og í starfsmannaviðtölum var rætt um gleði og hlátur á kaffistofu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Einstaklingsviðtöl við starfsfólk um niðurstöður starfsmannakönnunar og/eða vinnustaðgreiningar</li> <li>• Skólamenningarfundur starfsfólks</li> <li>• Árleg endurskoðun og uppfærsla starfsmannahandbókar</li> <li>• Árleg starfsþróunarviðtöl</li> <li>• Móttökuáætlun um nýja starfsmenn.</li> <li>• Nýjir kennarar fá leiðsögukennara</li> <li>• STÁL starfsmannafélag</li> <li>• Ýmsir klúbbar og kaffistofunefndir</li> </ul>